

**Nd.**

**545. Breytingartillögur**

**[109. mál]**

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Sigurði Ágústssyni.

**I. Við 1. gr.**

1. Við VIII. (Mýra- og Borgarfjarðarprófastsdæmi).

a. 53. töluliður breytist þannig, að niður falli Álftártungusókn.

b. Á eftir tölulið 53 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

54. *Staðarhraun*. Staðarhrauns-, Akra- og Álftártungusóknir.

Prestssetur: Staðarhraun.

2. Við IX. (Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi).

Liðurinn orðist svo:

55. *Miklaholt*. Fáskrúðarbakka-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.

Prestssetur: Söðulsholt.

56. *Staðastaður*. Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.

Prestssetur: Staðastaður.

57. *Ólafsvík*. Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.

Prestssetur: Ólafsvík.

58. *Setberg*. Setbergssókn.

Prestssetur: Setberg.

59. *Stykkishólmur*: Stykkishólms-, Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknir.

Prestssetur: Stykkishólmur.

60. *Breiðabólstaður*. Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir.

Prestssetur: Breiðabólstaður.

61. *Kvennabrekka*. Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Hjarðarholtssóknir.

Prestssetur: Kvennabrekka.

62. *Hvammur í Dölum*. Hvamms-, Staðarfells- og Dagverðarnessóknir.

Prestssetur: Hvammur.

63. *Staðarhólsþing*. Staðarhóls- og Skarðssóknir.

Prestssetur: Hvoll.

Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvol og flytja prestssetrið á hentugri stað.

Töluliðir frumvarpsins á eftir færast upp samkvæmt þessu.

**II. Við 7. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:**

Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum, Hofi í Örafum, Breiðabólstað á Skógarströnd, Sauðlauksdal . . . . . o. s. frv.